

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 526/2014****2020/EES/50/33****frá 12. mars 2014**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að ákvarða áætlað álag og takmörkuð smærri eignasöfn að því er varðar áhættu vegna leiðréttingar á útlánvirði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012, einkum þriðja undirlið 7. mgr. 383. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Beiting á þróuðu aðferðinni til ákvörðunar á kröfunum um eiginfjárgrunn í tengslum við áhættu vegna leiðréttingar á útlánvirði gæti náð yfir mótaðila sem ekkert skuldatryggingarálag er tiltækt fyrir. Þegar þetta er tilfellið ættu stofnanir að nota álag sem er viðeigandi með hliðsjón af lánshæfismati, atvinnugrein og svæði mótaðilans (áætlað álag) í samræmi við þriðja undirlið 1. mgr. 383. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 2) Reglur um ákvörðun á áætluðu álagi í tengslum við áhættu vegna leiðréttingar á útlánvirði ættu að kveða á um notkun á meginfloknum lánshæfismats, atvinnugreina og svæða og þær ættu að veita stofnunum nauðsynlegt svigrúm til að ákvarða það áætlaða álag sem er mest viðeigandi, byggt á þeirra eigin sérfræðimati.
- 3) Þegar tilgreint er nánar hvernig stofnanir eigi að taka tillit til lánshæfismats, atvinnugreinar og svæðis einstakra útgefanda við áætlun á viðeigandi áætluðu álagi vegna ákvörðunarinnar á kröfunum um eiginfjárgrunn, eins og krafist er í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, ætti að setja reglur fyrir athugunina á þessum eiginleikum með tilvísun í lágmarksflokkun fyrir hvern eiginleika til að tryggja samhæfða beitingu á þessum skilyrðum.
- 4) Þegar um er að ræða einstaka útgefendur þar sem til staðar er samband, eins og á milli héraðsstjórnar eða staðaryfirvalda og ríkisins, ætti ennfremur að gera mögulegt að meta viðeigandi áætlað álag á grundvelli áhættuálags einstaks útgefanda, þegar það leiðir til meira viðeigandi mats.
- 5) Til að stuðla að viðeigandi útreikningi á áhættu vegna leiðréttingar á útlánvirði ætti að ákvarða áætlað álag með því að nota gögn frá virkum markaði og forsendur varðandi gögn, eins og innreikningur og framreikningur gagna sem varðar ólíkan gildistíma, ættu byggjast á traustum hugtakagrunni.
- 6) Til að tryggja samleitni í framkvæmd milli stofnana og til að forðast ósamkvæmni, með tilliti til þess að afleiddar líkur á vanefndum, skuldatryggingarálag og tap að gefnum vanefndum mynda jöfnu með tveimur óþekktum breytum og markaðsvenja er að nota fast gildi á tap að gefnum vanefndum til að leiða út líkurnar á vanefndum út frá markaðsálagi, ættu stofnanir að nota gildi fyrir tap að gefnum vanefndum _{MKT} sem er samrýmanlegt því fasta gildi á tapi að gefnum vanefndum sem almennt er notað af markaðsaðilum til að ákvarða afleiddar líkur á vanefndum út frá áhættuálagi þeirra virku viðskipta sem hafa verið notuð til að ákvarða áætlað áhættuálag fyrir viðkomandi mótaðila.
- 7) Að því er varðar heimild til að nota þróuðu aðferðina við leiðréttingu á útlánvirði fyrir takmarkaðan fjölda smærri eignasafna þykir rétt að líta á eignasafn sem skuldajöfnunarsafn, eins og skilgreint er í 4. mgr. 272. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að taka tillit til fjölda viðskipta og stærðar skuldajöfnunarsafna, sem fylgja ekki innralíkan

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

saðferðinni (IMM) en heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánvirði, og að takmarka þau við ákveðið prósentuhlutfall af öllum viðskiptum og hins vegar við prósentuhlutfall af heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna sem heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánvirði, til að taka tillit til mismunandi stærðar stofnana.

- 8) Til að draga úr mögulegri ósamfelldni í notkun á þróuðu aðferðinni við leiðréttingu á útlánvirði fyrir takmarkaðan fjölda smærri eignasafna ætti aðeins að hætta notkun á þróuðu aðferðinni við leiðréttingu á útlánvirði þegar farið er yfir magntakmarkanir tvo ársfjórðunga í röð.
- 9) Enn fremur, til að gera lögbærum yfirvöldum mögulegt að sinna eftirlitsskyldum sínum sem skyldi, ættu þau að fá vitneskju um hvenær kröfunum um takmarkaðan fjölda smærri eignasafna er ekki lengur mætt, og þ.a.l. ættu stofnanir að tilkynna þau tilvik lögbærum yfirvöldum.
- 10) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 11) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun á viðeigandi áætluðu álagi

1. Áætlað álag fyrir gefinn mótaðila skal álitid viðeigandi með hliðsjón af lánshæfismati, atvinnugrein og svæði mótaðilans samkvæmt fjórðu undirgrein 1. mgr. 383. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) áætlað álag hefur verið ákvarðað með tilliti til allra eiginleika lánshæfismats, atvinnugreinar og svæðis mótaðilans eins og tilgreint er í b-, c- og d-liðum,
- b) lánshæfismatið hefur verið ákvarðað með tilliti til notkunar á fyrirframgefni stigskiptingu heimildanna fyrir innra og ytra mat. Lánshæfismatið skal tengt við lánshæfisþrep eins og um getur í 2. mgr. 384. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Þegar mörg ytri mót eru tiltæk fylgja aðferðinni fyrir mörg lánshæfismót sem sett er fram í 138. gr. þeirrar reglugerðar þegar þau eru tengd við lánshæfisþrep,
- c) atvinnugrein er ákvörðuð með tilliti til að minnsta kosti eftirfarandi flokkunar:
 - i. opinberi geirinn,
 - ii. fjármálageirinn,
 - iii. annað,
- d) svæðið er ákvarðað með tilliti til að minnsta kosti eftirfarandi flokkunar:
 - i. Evrópa,
 - ii. Norður-Ameríka,
 - iii. Asía,
 - iv. aðrir heimshlutar,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

e) áætlaða álagið endurspeglar á lýsandi hátt álag á tiltækur skuldtryggingar og álag annarra útlánaáættugerninga á virkum markaði, sem samsvara viðkomandi samsetningu á flokkum sem eiga við og uppfylla viðmiðin um gæði gagna sem um getur í 3. mgr.,

f) ákvörðun á því hvort áætlað álag sé viðeigandi er gert með tilvísun til flökts frekar en umfangs álagsins.

2. Við skoðun á lánshæfismati, atvinnugrein og svæði mótaðilans í samræmi við 1. mgr., skal matið á áætlaða álaginu talið viðeigandi fyrir héraðsstjórn eða staðaryfirvöld þegar það byggist á áhættuálagi viðkomandi ríkisútgefanda ef öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er mætt:

a) héraðsstjórnin eða staðaryfirvöldin og ríkið eru með sama lánshæfismat,

b) ekkert lánshæfismat er til fyrir héraðsstjórnina eða staðaryfirvöld.

3. Allar upplýsingar sem notaðar eru við ákvörðun á áætluðu álagi skulu byggja á áreiðanlegum gögnum frá virkum kaup- og sölumarkaði eins og skilgreint er í öðrum undirlit 1. mgr. 338. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Nægjanleg gögn eiga að vera tiltæk til að ákveða áætlað álag fyrir alla viðkomandi gildistíma og fyrir sögulegu tímabilin sem um getur í 5. mgr. 383. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Greining á tapi að gefnum vanefndum

Til að greina tap að gefnum vanefndum mótaðila (LGD_{MKT}), í þeim tilgangi að reikna út kröfurnar um eiginfjárgrunn í tengslum við áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði samkvæmt þróuðu aðferðinni fyrir mótaðila sem krefst þess að notað sé áætlað álag, skulu stofnanir nota gildi fyrir tap að gefnum vanefndum mótaðila, samrýmanlegt við fast gildi fyrir tap að gefnum vanefndum sem almennt er notað af markaðsaðilum til að ákvarða afleiddar líkur á vanefndum út frá þeim markaðsálögum sem hafa verið notuð til að ákvarða áætlað álag fyrir viðkomandi mótaðila í samræmi við 1. gr.

3. gr.

Magntakmörkun á fjölda og stærð fullgildra eignasafna

1. Til að uppfylla viðmiðunina um takmarkaðan fjölda smærri eignasafna sem um getur í 4. mgr. 383. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal öllum eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

a) fjöldi allra viðskipta sem ekki fylgja innralíkansaðferðinni og heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði skal ekki fara yfir 15% af heildarfjölda viðskipta sem heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði,

b) stærð hvers einstaks skuldajöfnunarsafns sem ekki fylgir innralíkansaðferðinni og heyrir undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði skal ekki fara yfir 1% af heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna sem heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði,

c) heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna sem ekki fylgja innralíkansaðferðinni og heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði, skal ekki fara yfir 10% af heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna sem heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði.

2. Að því er varðar b- og c-lið 1. mgr., skal stærð skuldajöfnunarsafns vera áhættuskuldbindingarnar við vanskil skuldajöfnunarsafnsins reiknuð út frá markaðsvirðisaðferðinni, sem um getur í 274. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með því að taka mið af áhrifunum af skuldajöfnun í samræmi við 298. gr. þeirrar reglugerðar, en ekki áhrifunum af tryggingum.

3. Að því er varðar 1. mgr., skal stofnun reikna út fyrir hvern ársfjórðung meðalgildi af að minnsta kosti mánaðarlegum athugunum á eftirfarandi hlutföllum:

a) fjölda viðskipta sem ekki fylgja innralíkansaðferðinni á móti heildarfjölda viðskipta,

b) stærð einstaks skuldajöfnunarsafns sem ekki fylgir innralíkansaðferðinni á móti heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna og

c) heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna sem ekki fylgja innralíkansaðferðinni á móti heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna.

4. Þegar ekki næst að uppfylla viðmiðunina sem tilgreind er í 1. mgr. fyrir tvo útreikninga í röð, eins og um getur í 3. mgr., skal stofnun nota stöðluðu aðferðina sem sett er fram í 384. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 til að reikna út kröfurnar um eiginfjárgrunn í tengslum við áhættu vegna leiðréttingar á útlánvirði fyrir öll skuldajöfnunarsöfnin sem ekki fylgja eiginlíkansaðferðinni og tilkynna það lögbærum yfirvöldum.

5. Skilyrðunum sem sett eru fram í 1. mgr. skal beitt á eininga-, undirsamstæðu- eða samstæðugrunni með hliðsjón af gildissviði leyfisins fyrir notkun eiginlíkansaðferðarinnar sem um getur í 283. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
